

Nr. 085 / 15 Birtingur NK 124**Atvik í höfn**

Skipaskr.nr. 1293 IMO nr. 6821638
Smíðaður: Þrándheimi Noregi 1968, stál
Stærð: 949 brl. 1467,6 bt.
Mesta lengd: 67,47 m Skráð lengd: 61,17m
Breidd: 10,9 m Dýpt: 8,05 m
Vél: Caterpillar 5420 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 8



Birtingur©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. júlí 2015 var Birtingur NK 124 við bryggju í Reykjavík.

Mikil stjórnborðs slagsíða kom á skipið með þeim afleiðingum að ljósavél fór að brenna smurolíu úr sveifarhúsinu og myndaðist við það mikill reykur sem lagði yfir höfnina.

Við rannsókn kom fram:

- að ballest hafði verið dælt úr lestartönkum stjórnborðsmegin fyrr um daginn á flóði og þegar fjaraði undan skipinu fór það að halla mikið til bakborða;
- að við þennan mikla halla fór ljósavélin að brenna smurolíu úr sveifarhúsinu og myndaði reykinn sem lagði frá skipinu;
- að um var að ræða mistök við dælingu þar sem einnig átti dæla frá bakborðstanka.

Nefndarálit:

Orsök atviksins voru mistök við dælingu.